

Hagavatnsvirkjun

Orkuveita Reykjavíkur fékk úthlutað rannsóknarleyfi þann 1. apríl 2007 til athugana á virkjunarvalkosti við Hagavatn sunnan Langjökuls. Orkuveitan hefur á síðustu árum sinnt umfangsmiklum rannsóknum á svæðinu, sem nær m.a. til útfærslu virkjunarhugmynda, mati á helstu umhverfisáhrifum, arðsemi og flestum þeim þáttum sem tengjast slíkri framkvæmd.

Umhverfisáhrif virkjunar við Hagavatn sunnan Langjökuls mótast af því að stíflað verði skarð sem myndaðist í jökulgarðinn fyrir um 80 árum, en þannig myndast uppistöðulón sem yrði á sama stað og stöðuvatn sem þar var áður af náttúrunnar hendi. Þannig má segja að fyrri stærð Hagavatns verði endurheimt með framkvæmdinni. Áætlanir sýna að sandfok af svæðinu myndi þannig minnka verulega og hefur Landgræðsla ríkisins ásamt landeigendum og sveitarfélaginu Bláskógarbyggð því sýnt þessum hugmyndum mikinn áhuga. Virkjunin hefur nú verið útfærð á mun umhverfisvænni hátt, m.a. með stöðugu vatnsborði án árstíðabundinnna sveiflna.

Fyrir liggja m.a. umsagnir og úttektir eftirtalinna aðila:

- Áhrif á sandfok og möguleika til uppgræðslu, Landgræðsla ríkisins
- Áhrif á gróðurfar og fugla, Náttúrufræðistofnun Íslands
- Áhrif á sveitarfélagið, Sveitarfélagið Bláskógarbyggð
- Áhrif á tækifæri í ferðamennsku, Ferðamfrt Árnassýslu ásamt Samt. Ferðapj Suðurl.
- Áhrif á ferðamennsku og útivist, Ferðamálasetur Íslands
- Rennslisskýrslur, Veðurstofa Íslands
- Rennslislíkan, Verkfræðistofan Vatnaskil
- Orkugeta og orkugreining, Magnús Sigurðsson verkfræðingur
- Skýrslur um jarðfræði og gróðurfar, OR og aðrir ráðgjafar
- Arðsemislíkan, OR og ráðgjafar
- Hönnunarskýrslur, verkfræðistofan Mannvit

Orkuveita Reykjavíkur og félagið Íslensk Vatnsorka ehf. standa nú sameiginlega að verkefninu Hagavatnsvirkjun, þar sem Íslensk Vatnsorka fer með verkefnisstjórn verkefnisins.

Þær niðurstöður sem nú liggja fyrir í drögum að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða koma þó á óvart, þar sem verkefnið Hagavatnsvirkjun lendir í biðflokki með þeim rökum að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar um verkefnið. Það er mat okkar að allar eðlilegar og nauðsynlegar rannsóknir hafi farið fram og að þær sýni að verkefnið hefur lágmarksáhrif á umhverfið, auk þess sem það er unnið í samstarfi og sátt við sveitarfélagið og landeigendur á svæðinu.

Við óskum eftir því að verkefnið verði flokkað í nýtingarflokk.

Reykjavík, 10. nóvember 2011

Stjórn Íslenskrar Vatnsorku ehf.